

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 12. október 2018.

Mál nr. 210/2018:

**Bórarinn Jónasson**

*(Björgvin Þorsteinsson lögmaður)*

**gegn**

**Auði Jónsdóttur**

*(Ragnar Aðalsteinsson lögmaður)*

**Lykilorð**

*Meiðyrði. Ærumeiðingar. Tjáningarfrelsi. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.*

**Útdráttur**

*Þ höfðaði mál og krafðist þess að nánar tiltekin ummæli, sem birtust í aðsendri grein eftir A á vefmiðlinum Kjarninn.is 13. júní 2016, yrðu dæmd dauð og ómerk. Jafnframt að A yrði dæmd til refsingar vegna þeirra og henni gert að greiða sér miskabætur. Héraðsdómur vísaði frá dómi kröfu Þ um að A yrði dæmd til refsingar fyrir ummæli sín en sýknaði hana af öðrum kröfum Þ. Í dómi sínum vísaði Landsréttur til þess að þar sem Þ hefði ekki gætt að því að skjóta til Landsréttar ákvæði héraðsdóms um frávísun eftir reglum XXIV. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, kæmi ákvæðið ekki til skoðunar fyrir réttinum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 552/2017. Hvað varðaði ummæli A lagði Landsréttur til grundvallar að hún hefði eingöngu verið að lýsa sinni persónulegu upplifun og þar með skoðun sem henni yrði ekki gert að færa sönnur á. Þá taldi Landsréttur nægilega í ljós leitt að hluti ummæla A hefði ekki verið tilefnislaus með öllu eða úr lausu lofti gripin auk þess sem hluti þeirra var ekki talinn fela í sér meira en vangaveltur hennar. Af þessum sökum voru ummælin ekki talin fela í sér ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða móðgun í skilningi 234. gr. sömu laga.*

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Aðalsteinn E. Jónasson, Ásmundur Helgason og Ragnheiður Harðardóttir.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar með áfrýjunarstefnu 22. febrúar 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 2018, í málinu nr. E-608/2017. Áfrýjandi krefst þess að nánar tiltekin ummæli, sem birtust í aðsendri grein eftir stefndu á vefmiðlinum Kjarninn.is 13. júní 2016, verði dæmd dauð og ómerk og stefnda dæmd til refsingar vegna þeirra samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara samkvæmt 234. gr. sömu laga. Þá krefst hann þess að stefndu verði gert að greiða sér 1.000.000 króna í miskabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6.

gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og 500.000 krónur til að kosta birtingu dóms í málinu samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 2 Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Landsrétti ásamt álagi.

### **Niðurstaða**

- 3 Kröfu áfrýjanda um að stefnda verði dæmd til refsingar fyrir ummæli sín var vísað frá héraðsdómi án kröfu. Til að koma fram endurskoðun á niðurstöðu héraðsdóms um frávísun þeirrar kröfu hefði áfrýjandi þurft að skjóta til Landsréttar ákvæði héraðsdóms um frávísun eftir reglum XXIV. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 7. júní 2018 í máli nr. 552/2017. Með því að þessa var ekki gætt kemur þessi krafa áfrýjanda ekki til skoðunar fyrir Landsrétti.
- 4 Málsatvik og málsástæður málsaðila eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram varðar ágreiningur máls það álitaefni hvort eftirfarandi ummæli, í stafliðum a til c, sem voru viðhöfð um áfrýjanda í aðsendri grein á vefmiðlinum Kjarninn.is hinn 13. júní 2016, verði dæmd dauð og ómerk, aðallega á þeim grundvelli að þau hafi stangast á við 235. gr. almennra hegningarlaga en til vara 234. gr. sömu laga:
  - a. „Hann sagði þetta vera dýranið og náttúrunið af verstu sort. En hann gat ekkert gert, sama hvernig hann fjargviðraðist og skammaðist og varaði fólk við. Því hestabóndinn var í rjúkandi feitum viðskiptum og sennilega með nógu góð tók á hreppsnefndinni til að þetta fengi að viðgangast ár eftir ár – og enn þann dag í dag.“
  - b. „Mikið mátt þú skammast þín, Póri í Laxnessi. Karlkjáni með dollaraseðlana upp úr rasskorunni á reiðbuxunum þínum. Skammastu þín fyrir að eyðileggja náttúru Íslands og skammastu þín fyrir að fara svona illa með hestana þína að bjóða þeim upp á strá og mold.“
  - c. „Körlum og kerlingum eins og Póra í Laxnessi sem eygja ekki náttúruna heldur bara peninga. Það sem hefur lifað og dafnað í þúsundir ára er skemmt á augabragði svo firrt fólk geti keypt sér nýtt sófasett eða farið í skemmtisiglingu, gott ef ekki stofnað póstkassafyrirtæki á suðrænni eyju og sent þangað féð sem ætti með réttu að vera burðarstoð samfélagsins.“
- 5 Í dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu hefur í málum sem þessum verið greint á milli svokallaðra gildisdóma og staðhæfinga um staðreyndir. Hefur þá verið lagt til grundvallar að almennt þurfi ekki að sanna sannleiksgildi gildisdóma, enda byggi þeir þá jafnframt á skoðun viðkomandi sem ekki er unnt að

færa sönnur á. Á hinn bóginn er almennt gerð sú krafa að sanna þurfi staðhæfingu um staðreynd.

- 6 Samkvæmt framangreindu skiptir miklu máli við mat á því hvort ummæli stefndu í staflíðum a til c feli í sér ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga eða ærumeiðandi móðgun í skilningi 234. gr. sömu laga, hvort í þeim hafi falist gildisdómur eða staðhæfing um staðreynd.
- 7 Við mat á ummælunum í staflíð a koma fyrst til skoðunar orðin „dýraníð“ og „náttúruníð“. Lagt hefur verið til grundvallar í dómaframkvæmd Hæstaréttar að með orðunum „níð“ eða „níðingur“ sé í daglegu tali vísað til smánarlegrar eða svívirðilegrar háttsemi, en ekki eingöngu vanrækslu á umhyggju. Hefur þannig verið talið að orðið „dýraníð“ geti falið í sér ásökun um slæma eða svívirðilega meðferð á dýrum og þannig verið ærumeiðandi fyrir þann sem þeim er beint að, sbr. dóm Hæstaréttar 17. desember 2015 í máli nr. 239/2015. Þrátt fyrir að orðið geti talist fela í sér ærumeiðandi aðdróttun eða móðgun er það ekki sjálfgefið. Við mat á því skiptir máli hvort ummælin hafi verið sett fram sem persónuleg skoðun viðkomandi en ekki sem hrein fullyrðing um staðreynd eins og talið var í síðastnefndum dómi Hæstaréttar.
- 8 Fyrrgreind ummæli í grein stefndu um „dýraníð“ og „náttúruníð“ voru sett fram í aðsendri grein í aðdraganda forsetakosninga árið 2016, en greinin bar fyrirsögnina: „Forseti landsins“. Í greininni rifjar stefnda upp æskuár sín og samveru með afa sínum í Mosfellsdalnum, en beint á undan hinum tilvitnuðu ummælum segir orðrétt í henni: „Um hádegisbil, nánast á hverjum degi, rauk afi minn síðan upp til handa og fóta þegar hann gekk niður stigann í Gljúfrasteini, nýbúinn að baða sig fyrir hádegismatinn, því alltaf varð honum lítið út um gluggann við miðjan stigann og alltaf blasti við honum sama sjón: Hestarnir hans Þóra í Laxnesi að naga móana niður í rót.“ Beint í kjölfarið segir síðan orðrétt: „Hann sagði þetta vera dýraníð og náttúruníð af verstu sort.“. Séu ummælin skoðuð í þessu samhengi verður lagt til grundvallar að þau feli eingöngu í sér skírskotun stefndu til minningar sinnar um þá skoðun afa síns að ofbeit hrossa væri í landi Laxness sem fæli að hans mati í sér „dýraníð“ og „náttúruníð af verstu sort“. Samkvæmt þessu verður ekki talið að þessi framsetning stefndu í grein sinni hafi falið í sér staðhæfingu um staðreynd sem hún verði að færa sönnur á. Breytir ekki þeirri niðurstöðu þótt í lok ummælanna í staflíð a vísi stefnda til þess að umrætt ástand hafi enn verið til staðar þegar greinin var rituð, enda ljóst af lestri hennar að með þeim orðum var hún eingöngu að vísa til persónulegrar upplifunar sinnar á ástandi landsins á þeim tíma. Um það segir orðrétt á umræddum stað í greininni, í beinu framhaldi af fyrrgreindri tilvísun hennar til skoðunar afa síns: „Um daginn fór ég í fyrsta skipti í mörg ár í göngutúr í holtinu við æskuheimili mitt, nýkomin frá útlöndum. Það var í einu orði sagt hræðilegt að sjá landið. Þarna voru ekki lengur móar. Þarna var skrælnað lyng í moldarflögum, ryðgaður gaddavír, hrossaskítur. Girðing, sem mig grunaði að væri ef til vill rafmagnsgirðing, risti holtið þvert við hliðina á breiðri reiðgötu sem breiddi úr sér í báða enda, nánast jafn breið og þjóðvegurinn. Hinum

megin við girðinguna voru stærðarinnar lúpínubeð sem skriðu yfir moldarflæmin. En mín megin: Ekki neitt. Mér lá við gráti.“ Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar að með fyrrgreindum orðum hafi stefnda eingöngu verið að lýsa sinni persónulegu upplifun og þar með skoðun sem henni verður ekki gert að færa sönnur á. Eins og nánar er rakið í forsendum héraðsdóms liggja fyrir ítarleg gögn sem renna stoðum undir að umrætt land hafi á tímabili verið ofbeitt, þótt unnið hafi verið að því síðastliðin ár að bæta beitarstjórn. Samkvæmt því er nægilega í ljós leitt að ummælin hafi ekki verið tilefnislaus með öllu eða úr lausu lofti gripin. Verða ummælin af þessum sökum ekki talin fela í sér ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningalaga eða móðgun í skilningi 234. gr. sömu laga.

- 9 Áfrýjandi byggir á því að í staflíð a sé jafnframt að finna staðhæfingu stefndu um að hann hafi mútað hreppsnefndinni og þar með gerst sekur um refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum. Nánar tiltekið er þar um að ræða ummælin um að áfrýjandi hefði „sennilega [verið] með nógu góð tók á hreppsnefndinni til að þetta fengi að viðgangast ár eftir ár – og enn þann dag í dag“. Ekki verður talið að í síðastnefndum orðum felist staðhæfing um að áfrýjandi hafi gerst sekur um mútur. Orðalagið er mjög almenns eðlis og verður ekki skilið öðruvísi en svo að afi stefndu og hún sjálf hafi talið sennilegt að áfrýjandi hafi verið áhrifamikill innan sveitarfélagsins. Verða ummælin því ekki talin fela í sér ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga eða móðgun í skilningi 234. gr. sömu laga.
- 10 Ummæli stefndu sem er að finna í staflíð b um að áfrýjandi eigi að skammast sín fyrir að „eyðileggja náttúru Íslands“ og „fara svona illa með hestana“ sína að bjóða þeim „upp á strá og mold“, verða með sömu röksemdum og raktar eru í 8. málsgrein að framan eingöngu talin fela í sér persónulega skoðun stefndu sem henni verður ekki gert að færa sönnur á. Verða ummælin af sömu ástæðu og fyrr er rakin ekki talin hafa verið tilefnislaus með öllu eða úr lausu lofti gripin og verða af þeim sökum ekki talin fela í sér ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga eða móðgun í skilningi 234. gr. sömu laga.
- 11 Að því er varðar ummælin í staflíð c hefur áfrýjandi vísað sérstaklega til þess að í þeim felist staðhæfing stefndu um að hann hafi gerst sekur um skattaundanskot. Er þar vísað til orðalagsins: „gott ef ekki stofnað póstkassafyrirtæki á suðrænni eyju“. Ekki verður talið að í síðastnefndum orðum felist staðhæfing um að áfrýjandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi. Ummælin eru almenns eðlis og er beint að „Körlum og kerlingum“ sem stefnda telur að láti peninga hafa forgang gagnvart náttúrunni. Ummælin verða ekki talin fela meira í sér en vangaveltur stefndu, en ekki staðhæfingu um staðreynd.
- 12 Samkvæmt öllu framangreindu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

- 13 Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður áfrýjanda gert að greiða stefndu málskostnað eins og í dómsorði greinir. Ekki eru efni til að fallast kröfu stefndu um álag á málskostnað.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórarinn Jónasson, greiði stefndu, Auði Jónsdóttur, 1.000.000 króna í málskostnað.

Rétt endurrit staðfestir

12.10.2018

Gjald: 1.250 kr.

